

36. aðalfundur Landssambands smábátæigenda

Tillögur til fundarins frá svæðisfélögum

Efnisyfirlit

<i>Farsæll</i>	2
<i>Árborg</i>	2
<i>Snæfell</i>	3
<i>Strandveiðifélagið Krókur</i>	5
<i>Elding</i>	6
<i>Drangey – smábátafélag Skagafjarðar</i>	6
<i>Klettur</i>	7
<i>Fontur</i>	8
<i>Félag smábátæigenda á Austurlandi</i>	8
<i>Strandir</i>	10
<i>Smábátafélag Reykjavíkur</i>	10
<i>Sæljón</i>	11
<i>Báran</i>	14
<i>Reykjanes</i>	15
<i>Skalli</i>	15

Farsæll

- Aðalfundur Farsæls leggur til að strandveiðar verði leyfðar frá og með 1. apríl ár hvert.
- Aðalfundur Farsæls hafnar hugmyndum um opnun milli svæða á strandveiðum
- Aðalfundur Farsæls leggur til að hætt verði að innheimta sérstakt gjald vegna strandveiða. Greidd eru veiðigjöld af veiddum afla og því ekkert tilefni til að innheimta sérstakt gjald, enda er almennt ekki greitt sérstakt gjald vegna veiðileyfa.

Árborg

- Aðalfundur Árborgar mótmælir harðlega kvótasetningu á grásleppu
- Aðalfundur Árborgar krefst þess að tryggðir verði 48 dagar til veiða á strandveiðum
- Aðalfundur Árborgar krefst þess að komið verði á handfæraívilnun á báta undir 30 tonnum.
- Aðalfundur Árborgar krefst þess að ef strandveiðipotturinn klárast fyrir lok ágúst, þá falli strandveiðileyfi úr gildi og aðilar fái heimild til veiða í afla- eða krókaafلامarki.
- Aðalfundur Árborgar lýsir andstöðu við að leyfðar verði netaveiðar í krókaafلامarkefinu.
- Aðalfundur Árborgar mótmælir harðlega skerðingu á afla til línuívilnunar.
- Aðalfundur Árborgar hvetur til að sjómannaafsláttur verði endurvakinn.
- Aðalfundur Árborgar krefst þess að heimilt verði að selja mótframlag byggðakvóta á fiskmarkaði ef vinnslan neitar að taka við aflanum.
- Aðalfundur Árborgar krefst þess að svæðaskipting á strandveiðum verði afnumin og landið verði gert að einu veiðisvæði.
- Aðalfundur Árborgar krefst þess að heimavigtunarleyfi verði afnumin.
- Aðalfundur Árborgar krefst þess að löndunargjöld af strandveiðum verði þau sömu og hjá stærri útgerðinni.

Snæfell

Strandveiðar

1. Aðalfundur Snæfells krefst þess að hver bátur fái heimild til að veiða 48 daga á strandveiðum ár hvert. Hverjum bát verði heimilt að róa að hámarki 12 daga í mánuði frá 1. maí til 31. ágúst. Hámarksafli á dag verði óbreyttur.
2. Aðalfundur Snæfells mótmælir harðlega tillögu ráðherra um að horfið verði til fyrra kerfis sem var við líði fyrir árið 2018. Helsta ástæða þess að allir flokkar samþykktu að gera breytingar á strandveiðikerfinu 2018 var sú að breytingin mundi auka öryggi sjómanna á strandveiðibátum. Í greinargerð með frumvarpi um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (strandveiðar) kemur það skýrt fram:

„Sá ágalli hefur verið á gildandi fyrirkomulagi að veiðarnar hafa verið það sem kallað er „ólympískar“ sem birtist í því að sjómenn hafa keppt um að ná þeim afla sem heimilt er á sem skemmstum tíma og áður en aflaheimildin yrði uppurin. Þetta hefur leitt til þess að stundum hafa menn róið á minni bátum þótt ekki viðraði til þess og fylgir því að sjálfsögðu aukin slyshætta. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til ætti að draga mjög úr hvata til „ólympískrar“ sóknar og þar með slyshættu.“

Reynsla af setningu laga nr 19/2018 er óumdeild. Lögin hafa aukið öryggi sjómanna við strandveiðar.

Til að eyða þeim þætti með öllu úr lögunum verður að tryggja að dagar til strandveiða verði aldrei færri en 48 talsins. Snæfell hvetur ráðherra til að tryggja veiðiheimildir til strandveiða í 48 daga.

3. Aðalfundur Snæfells mótmælir þeim hugmyndum harðlega sem kynntar eru í nýju frumvarpi um atvinnu- og byggðakvóta um að festa strandveiðar inn í „heildarpotti“ sem tekur mið af aflamarkskerfinu. Með því er verið að þvinga sóknarmarksfyrirkomulag strandveiðanna inn í aflamarkskerfið.
4. Aðalfundur Snæfells óskar eftir því að harðar sé tekið á þeim sem landa umfram leyfilegan dagsafla á strandveiðum.
5. Aðalfundur Snæfells skorar á stjórnvöld að fella niður sérstakt gjald (svokallaðan bryggjuskatt) á virkjun veiðileyfa við strandveiðar.

Grásleppumál

6. Aðalfundur Snæfells fordæmir þau vinnubrögð sem sjávarútvegsráðherra hafði við framkvæmd grásleppuveiða á þessu ári. Með þeim var grásleppuútgerðum freklega

mismunað og skemmdarverk unnið á stjórnkerfi þessara veiða. Einnig hvernig eftirlit og framkoma Fiskistofu var við grásleppusjómenn í Stykkishólmi.

7. Aðalfundur Snæfells mótmælir harðlega þeirri aðferðafræði sem hefur verið viðhöfð við útreikninga á meðafla í grásleppunet. Það er að segja uppreikning á fugli og sel úr veiðieftirlitsferðum Fiskistofu.
8. Aðalfundur Snæfells samþykkir að grásleppa sé sett í aflamark ef fyrst er tryggt að deilt verði niður á öll grásleppuleyfi 50% aflamarksins og svo sé farið eftir veiðireynslu með 50%.

Línuvildun

9. Aðalfundur Snæfells skorar á sjávarútvegsráðherra að breyta ákvæði laga um línuvildun þannig að hún gildi fyrir alla dagróðrabáta minni en 30 brúttótonn og styttri en 15 metrar. Verði 30% við landbeitningu, 20% við uppstokkun og 10% fyrir vélabáta.

Makrill

10. Aðalfundur Snæfells krefst frjálsra handfæraveiða smábáta á makrill.

Byggðakvóti

11. Aðalfundur Snæfells óskar eftir að heimildir til byggðakvóta verði skilyrtar til sveitarfélaga samkvæmt reglum sem mótaðar hafa verið. Rétt til nýtingar byggðakvóta hafa útgerðir dagróðrabáta sem skráðar eru í viðkomandi byggðarlagi og bátar í þeirra eigu sem skráðir eru með heimahöfn í byggðarlaginu og stunda dagróðra þaðan, enda hafi viðkomandi uppfyllt framangreint á næstliðnu fiskveiðiári.
 - a. Úthlutun:
 - i. með ívildun á aflaheimildir við löndun með sama hætti og um línuvildun sé að ræða.
 - ii. 10 tonnum í upphafi hvers fiskveiðiárs til útgerða þar sem eigandi hennar hefur átt heimilisfesti í byggðarlaginu sl. 10 ár.
 - b. Sala afla:
 - i. Fiskvinnsla í viðkomandi byggðarlagi hefur forkaupsrétt að afla þeirra báta sem njóta byggðavildunar.
 - ii. Greitt verði meðaltalsverð sem fæst á nærliggjandi fiskmörkuðum á löndunardeg.
 - iii. Greiðslufyrirkomulag og greiðslutrygging skal vera með sama hætti og hjá aðilum sem kaupa af fiskmörkuðum.
 - iv. Þar sem ekki er fiskvinnsla skal aflinn boðinn upp á fiskmarkaði.

Önnur mál

12. Aðalfundur Snæfells krefst þess að línan í Selsker á Breiðafirði haldist óbreytt eins og hún hefur verið í ára raðir.
13. Aðalfundur Snæfells mótmælir harðlega öllum hugmyndum um lokun svæða fyrir handfæraveiðum eins og fram koma í skýrslu starfshóps um „faglega“ endurskoðun varðandi notkun veiðarfæra, veiðisvæða og verndunarsvæða á Íslandsmiðum. Aðalfundur Snæfells telur að ekki skuli beita reglugerðarlokunum eða skyndilokunum á handfæraveiðar heldur beita sektum eða veiðileyfis sviptingu á þá aðila sem koma með of smáan fisk að landi.
14. Aðalfundur Snæfells skorar á stjórnvöld að auka rannsóknir á lífríki Breiðafjarðar, sérstaklega ef auka eigi nýtingu þara úr firðinum, og hvaða áhrif hún hafi á lífríki Breiðafjarðar og viðgang fiskiseiða.
15. Aðalfundur Snæfells lýsir yfir stuðningi við aflamarkskerfið.
16. Aðalfundur Snæfells hafnar hugmyndum Breiðafjarðarnefndar um að gera Breiðafjörð að þjóðgarði í sjó.

Netaveiðar

17. Aðalfundur Snæfells leggur til að leyfðar verði netaveiðar á krókaflamarksbátum frá 1. september til 15. apríl ár hvert.

Strandveiðifélagið Krókur

1. Strandveiðifélagið Krókur hafnar öllum hugmyndum um kvótasetningu á grásleppu.
2. Strandveiðifélagið Krókur leggur til að línuviltun verði haldið fyrir línubáta og hlutfall hennar aukin í samræmi við ályktanir LS; 30 % fyrir handbeitta línu, 20 % sé lína stokkuð upp í landi og 10 % fyrir vélabáta.
3. Strandveiðifélagið Krókur leggur til að leyfð verði löndun á hvítlúðu sem meðafla, enda sé ekki um beina sókn að ræða (mikil aukning á lúðu sem meðafla).
4. Strandveiðifélagið Krókur leggur til að tryggðir verði 48 dagar í strandveiðikerfið, svæðisskipting verði afnumin og ráðherra verði heimilt að banna sókn á rauðum dögum.
5. Strandveiðifélagið Krókur leggur til að undanþága fyrir „eldri menn“ verði leyfð varðandi notkun afladagbókarappsins og krefst auk þess að það verði einfaldað til muna.

Elding

1. Aðalfundur Eldingar hafnar öllum hugmyndum um kvótasetningu á grásleppu.
2. Aðalfundur Eldingar krefst þess að öllum verði tryggðir 12 dagar á strandveiðum þá mánuði sem strandveiðar eru heimilaðar.
3. Aðalfundur Eldingar hafnar þeim tillögum sem settar eru fram af sjávarútvegsráðherra í frumvarpi að lögum (5,3 prósent) að ónýtt línuvillun fari inn í byggðakvóta. Elding fer fram á að það sem gengur af línuvillun fari til aukningar krókaveiða, þar með talið strandveiða.
4. Línuvillun verði sett á alla báta sem eru undir 30 tonnum og styttri 15 metra sem stunda dagróðra.
5. Aðalfundur Eldingar styður hvalveiðar.
6. Aðalfundur Eldingar krefst þess að GSM samband verði þegar bætt út af öllum Vestfjörðum. Hér er um öryggismál að ræða.
7. Aðalfundur Eldingar krefst þess að flotvörpuveiðar við loðnuveiðar verði tafarlaust bannaðar. Það hefur sýnt sig í aukningu grásleppuaflla að þetta veiðarfæri skaðar aðrar fisktegundir.

Drangey – smábátafélag Skagafjarðar

1. Aðalfundur Drangeyjar – smábátafélags Skagafjarðar skorar enn einu sinni á stjórnvöld að virða ítrekaðar óskir sveitarstjórnar Skagafjarðar, Landsambands smábátæigenda og Drangeyjar um taka upp fyrri takmarkanir á veiðum með dragnót á innanverðum Skagafirði þannig að þær verði óheimilar innan línu sem dregin er milli Ásnefs í vestri í norðurhorn Þórðarhöfða í austri.
2. Aðalfundur Drangeyjar fordæmir þau vinnubrögð sem sjávarútvegsráðherra hafði við framkvæmd grásleppuveiða á þessu ári. Með þeim var grásleppuútgerðum freklega mismunað og skemmdarverk unnið á stjórnkerfi þessara veiða.
3. Aðalfundur Drangeyjar mótmælir harðlega stöðvun strandveiða þessa árs áður en lögvörðu veiðitímabili þeirra lauk. Þá ítrekar fundurinn fyrri samþykktir sínar um að veiðitímabil strandveiða verði valkvætt í fjóra mánuði samfellt alls 48 veiðidagar á tímabilinu 1. apríl til 30. september.
4. Aðalfundur Drangeyjar mótmælir þeim hugmyndum sem kynntar eru í nýju frumvarpi um atvinnu- og byggðakvóta um að festa strandveiðar inn í „heildarpotti“ sem tekur

mið af aflamarkskerfinu. Með því er verið að þvinga sóknarmarksfyrirkomulag strandveiðanna inn í aflamarkskerfið.

5. Aðalfundur Drangeyjar lýsir yfir ánægju með framgöngu atvinnuveganefndar sveitarstjórnar Skagafjarðar í tengslum við úthlutun byggðakvóta þessa árs. Hins vegar hvetur félagið til þess að í framtíðinni verði þessum heimildum einungis úthlutað á skip undir 50 lestum.
6. Aðalfundur Drangeyjar styður þær hugmyndir stjórnvalda að byggðakvóta til byggðarlaga skuli dreift á grundvelli meðaltals síðustu 3 eða 10 ára eftir því hvort meðaltalið er hagstæðara fyrir viðkomandi byggðarlag. Hins vegar telur fundurinn að ekki séu rök fyrir því að miða úthlutunina við íbúafjölda byggðarlags.
7. Aðalfundur Drangeyjar skorar á stjórnvöld að beita sér fyrir því að hlutlaus úttekt verði gerð á ráðgjöf og rannsóknaraðferðum Hafrannsóknastofnunar enda ríkir gríðarlegt vantraust sjómanna og útgerðarmanna innan félagsins á starfsemi stofnunarinnar.

Klettur

1. Svæðisfélagið Klettur vill vekja athygli þeirra sem ábyrgð bera, að síðustu 3 áratugi hefur tilraunaeldi í sjókvíum og kræklingarækt verið stundað í Eyjafirði og Skjálfanda. Öll þessi starfssemi hefur verið lögð af. Rusl eftir þessa starfssemi, svo sem belgir, tóg, keðjur og festingar við sjávarbotn var allt skilið eftir í sjónum. Tjón á bátum og endalaust veiðarfæratjón hefur hlotist af þessari starfssemi. Þetta er flest öllum ókunnugt um, nema smábátasjómonnum og þeim sem þessa iðju stunduðu. Eftirlit með þessari starfssemi hefur ekki komið í veg fyrir að viðskilnaðurinn er þessi.
2. Svæðisfélagið Klettur mótmælir afnámi svæðisskiptingu dragnótarveiða, og lýsir áhyggjum af auknum dragnótaveiðum í Eyjafirði og Skjálfanda sem af því hefur hlotist.
3. Svæðisfélagið Klettur krefst þess að aftur verði tekin upp svæðisskipting á aflaheimildum í strandveiðikerfinu og að tryggðir verði 4*12 dagar á bát.
4. Svæðisfélagið Klettur hafnar tillögum sjávarútvegs- og atvinnuvegaráðuneytis um að strandveiðar verði leyfðar á föstudögum og laugardögum.
5. Svæðisfélagið Klettur styður kvótasetningu á grásleppu.
6. Svæðisfélagið Klettur lýsir sig andvíga því að aðalfundur LS verði fjarfundur.

Fontur

1. Aðalfundur Fonts samþykkir að grásleppa sé sett í aflamark og styður það frumvarp sem liggur fyrir.
2. Aðalfundur Fonts fer fram á, ef ekki öllum verða tryggðir 48 dagar í strandveiðikerfinu, að strandveiðikerfið verði fært til fyrra horfs þar sem tekin er upp svæðaskipting í aflahlutdeild.

Greinargerð:

Þrátt fyrir mikla aukningu í heildarpott strandveiða síðustu ár hefur það ekki skilað sér á svæði C og hefur heildarafli á svæðinu minnkað til muna eftir breytingar kerfisins 2017, eins og allar tölur sýna.

Strandveiðar í september munu ekki skila miklum ávinningi fyrir félagsmenn þar sem tíðarfar, birtuskilyrði og langt sé sótt innan stuttra tímamarka og munu mjög fáir nýta sér það, þannig að lenging strandveiðitímabilsins út september mun ekki skila tilætluðum árangri fyrir félagsmenn Fonts og C svæði alls.

3. Aðalfundur Fonts lýsir yfir verulegum áhyggjum vegna síaukins þrýstings til veiða stærri skipa á grunnslóð, veiðislóð smábáta.
4. Aðalfundur Fonts fer fram á að endurskoðað verði lokanir á grunnslóð í Þistilfirði (Heiðargrunni) þar sem lokanir eru byggðar á röngum forsendum.
5. Aðalfundur Fonts lýsir óánægju með að aðalfundur LS sé ekki haldinn með hefðbundnum hætti.

Félag smábátaeigenda á Austurlandi

Línuívilnun / umhverfisívilnun

1. Aðalfundur FSA vill að línuívilnun verði eingöngu notuð til línuívilnunar við krókaveiðar og verði ekki færð til annarra potta innan 5,3%, þó misjöfn ívilunarprósenta eftir því hvort línan er landbeitt eða stokkað upp í landi. Framvegis verði ívilnunin kölluð umhverfisívilnun, enda er kolefnisspor við línuveiðar mun minna en við veiðar dreginna veiðarfæra og áhrif veiðanna á botn og botndýr óveruleg. Aðalfundur FSA vill að umhverfisívilnun verði einnig á kvótabundnar veiðar með handfærum.

Byggðakvóti

2. Aðalfundur FSA leggur til að byggðakvóti verði notaður við fiskveiðar og sem fyrr að byggðakvóta verði úthlutað sem ívilnun við löndun.

Strandveiðar

3. Aðalfundur FSA hafnar frumvarpsdrögum til strandveiða, sem verið hefur til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda, fundurinn vill hverfa til reglna sem giltu árið 2017, skipting aflaheimilda fari eftir hlutfallslegri meðalveiði svæðanna síðastliðin 10 ár.

Grásleppuveiðar

4. Fundurinn hafnar hugmyndum um kvótasetningu á grásleppu og einnig vill fundurinn að heimilt verði að taka hlé frá veiðum. Til dæmis ef von er á stór brælu eða í þeirri von að þorskur gangi af veiðislóð. Fundurinn fordæmir vinnubrögð ráðherra er kemur að grásleppumálum.

Sæbjúgnaveiðar / neyðarkall

5. Aðalfundur FSA lýsir yfir þungum áhyggjum af þróun sæbjúgnaveiða og vill að áhrif veiða á sæbjúgum á botndýr, botn og búsvæði fiska verði rannsakaðir hið fyrsta, telur fundurinn að áhrif veiðanna séu geysileg þar sem sífelld stærri og öflugri skip eru notuð til veiðanna. Sem dæmi er lágmarks þyngd sæbjúgnaplógs eitt tonn.

Þorsketaveiðar

6. Aðalfundur FSA hafnar því að þorsketaveiðar verði leyfðar á krókaafلامarksbátum.

Hvalveiðar

7. Aðalfundur FSA skorar á stjórnvöld að styðja við áframhaldandi ábyrgar veiðar á hvöllum.

Lokunarsvæði keiluhólf verði aflagt

8. Aðalfundur FSA telur engin rök með því að viðhalda reglugerðarhólfi í Lónsdýpi og á Stokksnesgrunni sbr. 8. gr. reglugerð 961/2019 . Lokunin var sett á vegna friðunar á keilu sem ekki er lengur á tegundalista skipa og því ekki ástæða til að banna línuveiðar þar lengur.

Skápurinn

9. Aðalfundur FSA vill að mörk „skápsins“ verði við Ósafles 65°37,4 - 13°54,8 og þaðan til NNA í stað 65°45,00 – 13°48,0 síðan réttvísandi til austurs að 12 mílna mörkum.

Breytingin gerir ráð fyrir að skipum styttri en 42 metrar og með aflvísi lægri en 2500 verði óheimilar veiðar innan 12 sjómílna í stað 6 sjómílna.

Það er með öllu óskiljanlegt að togveiðar skulu vera heimilar svo nærri landi á viðkvæmum svæðum, svo viðkvæmum að í yfirgripsmikilli skýrslu starfhóps um endurskoðun á veiðarfærum – veiði- og verndarsvæðum, er talin þörf á að vernda nærliggjandi svæði fyrir handfæraveiðum um ókomin ár.

Strandir

1. Smábátafélagið Strandir mótmælir öllum hugmyndum um kvótasetningu á grásleppu.
2. Smábátafélagið Strandir hvetur stjórnvöld að breyta reglum um strandveiðar. Tímabil strandveiða verði 6 mánuðir í stað fjögurra eins og nú er og óheimilt verði að stunda veiðar á föstudögum og laugardögum í viku hverri.
3. Smábátafélagið Strandir hvetur útgerðarmenn smábáta að kalla til starfsmann Fiskistofu þegar um ónýtan afla er að ræða.

Smábátafélag Reykjavíkur

1. Aðalfundur Smábátafélags Reykjavíkur krefst þess að lokað verði fyrir þann möguleika að færa aflaheimildir úr krókaafلامarkskerfinu í aflamarkskerfið.
2. Aðalfundur Smábátafélags Reykjavíkur hafnar sameiningu aflamarks og krókaafلامarks.
3. Aðalfundur Smábátafélags Reykjavíkur hafnar því að leyfa netaveiðar krókabáta.
4. Aðalfundur Smábátafélags Reykjavíkur krefst þess að sams konar ívilnun verði fyrir handfæri og línu og verði kölluð krókaívilnun.
5. Aðalfundur Smábátafélags Reykjavíkur krefst þess að svæðaskipting í strandveiðikerfinu verði afnumin og að dagarnir verði að lágmarki 12 í mánuði.
6. Aðalfundur Smábátafélags Reykjavíkur krefst þess að strandveiðitímabilið fyrir vestari hluta D svæðis hefjist að loknu hrygningarstoppi.
7. Aðalfundur Smábátafélags Reykjavíkur hafnar öllum hugmyndum um kvótasetningu á grásleppu.
8. Aðalfundur Smábátafélags Reykjavíkur krefst þess að tímabil VS afla verði 1 ár.
9. Aðalfundur Smábátafélags Reykjavíkur vill að handfæraveiðar séu undanþegnar hrygningarstoppi.
10. Aðalfundur Smábátafélags Reykjavíkur krefst frjálsra handfæraveiða smábáta á makríl.

11. Það er eindregin skoðun aðalfundar Smábátafélags Reykjavíkur að handfæraveiðar smábáta eigi að vera frjálssar.
12. Aðalfundur Smábátafélags Reykjavíkur skorar á LS að sækja um styrk hjá AVS til rannsókna á áhrifum handfæraveiða á hegðun hrygningarfisks annars vegar og hversu mikill hluti smáfisks drepst við sleppingar af handfærum.
13. Aðalfundur Smábátafélags Reykjavíkur bendir á þá staðreynd að fyrir daga kvótakerfisins voru hástemmdar yfirlýsingar Hafrannsóknastofnunar um 450-500 þúsund tonna afla í þorski, yrði tillögum hennar hlýtt. Nú, 35 árum síðar hefur margsinnis sýnt sig að tilraunastarfsemi Hafró hefur mistekist með öllu. Því ber brýna nauðsyn til þess að vinnubrögð og stefna stofnunarinnar sé tekin til gagn Gerrar endurskoðunar.

Sæljón

Strandveiðar

1. Stjórn Sæljóns fer þess á leit að strandveiðar verði heimilar frá 1. apríl til 30. september ár hvert. Hverjum bát er heimilt að róa að hámarki 12 daga í mánuði frá 1. apríl til 30. september. Hámarks afli á dag verður óbreyttur. Heimilt er að róa á öllum dögum vikunnar nema föstudögum og laugardögum.

Greinargerð

- Mikil umræða hefur verið um öryggi við sjósókn og ber að fagna mikilsverðum árangri í fækkun slysa. En betur má ef duga skal og með því að rýmka það tímabil sem strandveiðar eru stundaðar ár hvert, - veiðarnar hefjist 1. apríl og ljúki 30. september. Aukið svigrúm mun tvímælalaust bæta öryggi við sjósókn og leiða einnig til meiri hagkvæmni veiða og vinnslu.
2. Stjórn Sæljóns fer þess á leit að svæðisskipting við strandveiðar verði afnumin. Landið verður gert að einu svæði, þetta mun auka hagkvæmni við veiðar.
 3. Stjórn Sæljóns fer þess á leit að hin svokallaða 14 tíma regla við strandveiðar verður afnumin. Í staðin verði 16 tíma regla innleidd. Þetta mun auka hagkvæmni við veiðar.
 4. Stjórn Sæljóns skorar á stjórnvöld að fella niður sérstakt gjald á virkjun veiðileyfa við strandveiðar. Afkoma veiðanna býður ekki upp á að þær séu skattlagðar sérstaklega umfram gjöld til annarra veiða.

Greinargerð

Þetta sérstaka gjald hefur verið lagt á frá upphafi strandveiða. Spurningar vöknðu strax og efasemdir um réttmæti slíkrar gjaldtöku umfram aðrar veiðar.

Því er það orðið löngu tímabært að t.d. stjórn Landssambands smábátæigenda krefjist þess af stjórnvöldum að tekin verði saman nákvæm greinargerð um það hvernig þessum fjármunum hefur verið ráðstafað, en ætla má að búið sé að greiða hátt í 300 milljónir í þessa sérstöku gjaldtöku.

Undanþága á veiðiskyldu í alvarlegum veikindum

5. Stjórn Sæljóns ályktar að Landssamband smábátæigenda óski eftir því að sjávarútvegsráðherra fái heimildir til að geta veitt undanþágu á veiðiskyldu þeirra aðila sem lenda í alvarlegum veikindum eða óhöppum.

Lokun svæða

6. Stjórn Sæljóns mótmælir harðlega öllum hugmyndum um lokun svæða fyrir handfæraveiðum.

Hrygningarstopp

7. Stjórn Sæljóns leggur til að handfæraveiðar verði undanþegar hrygningarstoppi.

Grásleppuveiðar

8. Stjórn Sæljóns mótmælir harðlega enn og aftur þeirri ákvörðun að loka svæðum að fengsælum miðum við grásleppuveiðar í Faxaflóa vegna æðarvarps.

Greinargerð

- Fjórir æðarbændur nýta varp á litlum hluta þessa svæðis en hafa náð með „lobbýisma“ að koma þessu banni í gegn. Benda má á að athugun fór fram á fjölda æðarfugla sem komu í net, en þessi athugun var framkvæmd af sérstökum eftirlitsaðila utan þeirrar skráningar sem grásleppusjómenn sjálfir skrá. Fundurinn telur að skoða þyrfti breytingar á skipulagi grásleppuveiða er gengu út á það að öll landsvæði byrjuðu veiðar á sama tíma. Þá telur fundurinn að Landssamband smábátæigenda eigi að þrýsta á að hrognakaupendur gefi út verð sín viku áður að vertíð hefjist.
9. Stjórn Sæljóns leggst gegn áformum stjórnvalda um að kvótasetja veiðar á grásleppu. Ljóst er að við kvótasetningu veiðanna munu aflaheimildir færast á færri hendur og nýliðun við veiðarnar mun verða erfiðari en nokkru sinni fyrr. Einnig mun kvótasetning leiða til að margar grásleppuútgerðir munu selja frá sér grásleppuheimildir og hefja strandveiðar í staðin, þetta mun að óbreyttu leiða til fækkun á strandveiðidögum.
 10. Stjórn Sæljóns leggur eindregið til að breytingar verði gerðar á skipulagi grásleppuveiða. Bátar eigi kost á að taka upp net í brælutíð án þess að dagafjöldi þeirra til veiða verði skertur.

Humarveiðar í gildrum, vinnslu og markaðssetningu grjótkrabba

11. Stjórn Sæljóns vill kanna möguleika þess að heimila humarveiðar í gildrum í Faxaflóa samhliða veiðileyfi á grjótkrabba. Einnig skorar fundurinn á stjórnvöld að huga

alvarlega að skaðsemi trollveiða á humri á lífríki sjávar. Út frá rannsóknum á skaðsemi trollveiða liggur það í augum uppi að ekki verði hægt að bjóða náttúrunni upp á slíkar aðfarir til lengdar. Humarveiðar í gildrum lágmarka áhrif á lífríki hafsins og auka nýtingu auðlindarinnar til muna.

Greinargerð

Grjótkrabbi er ný nytjategund innan veiðilögsögu Íslands og finnst hann nú í miklu magni í Faxaflóa. Ljóst er þó að löng og kostnaðarsöm þróunarvinna er framundan í veiðum, vinnslu og markaðssetningu á grjótkrabba áður en nýting á honum verði arðbær. Ómögulegt er fyrir smábátaeigendur að standa straum af kostnaði við slíka þróunarvinnu. Með því að heimila humarveiðar í gildrum upp að vissu marki samhliða veiðum á grjótkrabba væri hægt að dekkja hluta þess kostnaðar og hvetja útgerðarmenn til frekari þróunarvinnu við nýtingu á grjótkrabba, sem í framtíðinni yrðu sjálfbærar og umhverfisvænar veiðar.

Handfæraívilnun

12. Stjórn Sæljóns samþykkir að sett verði sérstök handfæraívilnun á krókaafلامarks- og aflamarksbáta undir 30 tonnum.

Línuívilnun

13. Stjórn Sæljóns mótmælir harðlega ákvörðun sjávarútvegsráðherra að lækka aflaviðmiðun til línuívilnunar.
14. Stjórn Sæljóns samþykkir að línuívilnun nái til allra dagróðrabáta undir 30 tonnum sem róa með landbeitta línu, trekt og vélabeitningu.

Bann við veiðar í dragnót

15. Stjórn Sæljóns leggur til að veiðar með dragnót í Faxaflóa verði bannaðar innan línu úr Garðskaga í Malarrif.

Frjálsar makrílveiðar

16. Stjórn Sæljóns leggur til að makrílveiðar verði gefnar frjálsar og reglugerð sem gefin var út fyrir fjórum árum verði felld úr gildi, heildarúthlutun verði 16%.

Hvítlúða

17. Stjórn Sæljóns vill leyfa löndun á hvítlúðu sem meðafla við krókaveiðar. Um andvirði aflans skal fara með eins og andvirði annars afla.

Afla- og krókaafلامark

18. Stjórn Sæljóns hafnar öllum hugmyndum um sameiningu aflamarks- og krókaafلامarks.

Umhverfisáhrif veiðarfæra

19. Stjórn Sæljóns skorar á umhverfisráðherra, Guðmund Inga Guðbrandsson, að beita sér fyrir því að gert verði umhverfismat á áhrifum veiðarfæra sem heimilt er nota á Íslandsmiðum á sjávarbotn og lífríki sjávar.

Báran

1. Aðalfundur Bárunnar 2019 leggur til að á strandveiðum verði heimilt að veiða allt að tvöfaldan dagskammt í róðri án upptöku afla. Afli umfram dagskammt telst síðan til fækkunar veiðidaga á tímabilinu.

Greinargerð

Smábátaútgærdum ber að hagræða sem kostur er og minnka kolefnisspor eins og aðrar atvinnugreinar. Með framangreindri tillögu er ætlað að minnka olíueyðslu og kostnað á veitt kg.

Með þessari tillögu gæti róðrum fækkað og að síður verið sótt í vondum veðrum sem myndi skapa aukið öryggi strandveiðisjómanna.

2. Aðalfundur Bárunnar 2019 leggur til að strandveiðar verði heimilaðar alla daga vikunnar.

Greinargerð

Það er skoðun félagsmanna að strandveiðibátar eiga að hafa sama möguleika að nýta sinn fiskveiðirétt eins og aðrir. Það er síðan í höndum skipstjóra að stjórna veiðum og nýta sína daga til veiða. Þar spila m.a. inn í atriði eins og veður, verð og möguleikar til afsetningar aflans.

3. Aðalfundur Bárunnar 2019 leggur til að geymsluheimild í strandveiðum verði 15% milli ára eins og viðhaft er í öðrum veiðum.

Greinargerð

Mjög óeðlilegt er að mismunandi geymsluheimildir milli ára gildi milli útgerðarforma. Það hlýtur að vera réttlætismál að 15% geymsluréttur gildi fyrir strandveiðar eins og aðrar veiðiheimildir.

4. Aðalfundur Bárunnar 2019 leggur til að veiðum á grásleppu verði stjórnað með aflamarki.

Greinargerð

Það að stjórna grásleppuveiðum með sóknarmarki (dögum) þegar Hafró leggur til leyfilegan heildarafla, er ekki nákvæm né hagkvæm leið við veiðarnar. Líklegt er einnig að aflamark skili jafnara og hærra verði fyrir afurðirnar.

Það að virk grásleppuleyfi geti orðið um 450 þó svo 250 séu virk um þessar mundir þá býður þetta kerfi upp á að framboð verði umfram eftirspurn þau ár sem verð á hrognum er gott. Miklar sveiflur sem það býður upp á eru ekki af hinu góða fyrir greinina.

5. Aðalfundur Bárunnar 2019 leggur til að lengja veiðitíma grásleppu í Faxaflóa til 15. ágúst.

Greinargerð

Reynsla er af veiðum í Faxaflóa síðsumars og er grásleppa að ganga þar allt fram í september til hrygningar. Svo virðist sem stóra grásleppan komi í lok veiðitímans, öfugt við mörg önnur svæði.

Reykjanes

1. Smábátafélag Reykjaness leggur til að heimilt verði að stunda strandveiðar 48 daga án svæðisskiptinga.
2. Smábátafélag Reykjaness leggur til að strandveiðar verði leyfðar á tímabilinu 1.mars til 1.október.
3. Smábátafélag Reykjaness leggur til að 50.000 króna gjald verði afnumið af veiðileyfi strandveiða.
4. Smábátafélag Reykjaness mótmælir harðlega fyrirhugaðri kvótasetningu á grásleppu.
5. Smábátafélag Reykjaness fordæmir vinnubrögð sjávarútvegsráðherra við veiðistjórnun á grásleppu á vertíðinni 2020.
6. Smábátafélag Reykjaness leggur til að línuívilnun gildi fyrir alla dagróðrabáta undir 30 tonn og að línuívilnun verði 30% á landbeitta línu, 20% á uppstokkaða línu í landi og 10% á beittningavélabáta.
7. Smábátafélag Reykjaness leggur til að byggðarkvóti verði lagður niður og deilt í ívilnun á dagróðrabátum undir 30 tonn og til strandveiða.
8. Smábátafélag Reykjaness leggur til algjört bann við flotvörpuveiðar á loðnu.
9. Smábátafélag Reykjaness mótmælir þeim hugmyndum að veiða krókaflamark í net.
10. Smábátafélag Reykjaness leggur til við stjórn LS að þörf er á yfirferð reglugerðarlokunum sem var afnumin nýlega og hleypir dragnótabátum upp að landi.

Skalli

1. Aðalfundur Skalla hafnar alfarið kvótasetningu á grásleppu

2. Aðalfundur Skalla fer fram á að öllum verði tryggðir í minnsta lagi 48 dagar til strandveiða á hverju ári.
3. Aðalfundur Skalla leggur til að línuvinnun verði aukin fyrir báta undir 30 tonnum (15 metrar) sem stunda dagróðra. Landbeitt 30%, trekt 20% og beitningavél 10%.
4. Á aðalfundi Skalla kom fram mikil óánægja með nýja afladagbókarappið. Það sér óþarflega flókið og það sé í raun tímaskekkja að vera að fylla út í afladagbók þegar allar upplýsingar liggja fyrir á netinu örfáum mínuútum eftir að bátur kemur til hafnar. Því fer Skalli fram á að appið verði lagt niður.